

22. fundur hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps þriðjudaginn 14. júlí og hófst hann kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Egill Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir, Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson og Nanna Jónsdóttir. Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

Oddviti setti fund, bauð fundarmenn velkomna og leitaði eftir athugasemdum við fundarboðið.

Fyrir var tekið:

1. Fundargerð 18. fundar hreppsnefndar

Fundargerð 18. fundar hreppsnefndar Ásahrepps frá 12. maí yfirfarin.

2. Fundargerð 21. fundar hreppsnefndar

Fundargerð 21. fundar hreppsnefndar Ásahrepps frá 9. júní yfirfarin.

3. Endurnýjun samnings um menningarhús Oddasóknar

Lögð fram drög að endurnýjuðum samningi Ásahrepps og Rangárþings ytra við Oddasókn um rekstur menningarhúss á Hellu.

Hreppsnefnd gerir engar athugasemdir og samþykkir að fela sveitarstjóra að undirrita samninginn. Samþykkt samhljóða.

4. Skýrsla um kynnisferð til Skotlands

Sveitarstjóri lagði fram til kynningar skýrslu skipulagsnefndar: „Stefnumörkun um nýtingu vindafns. Kynnisferð til Skotlands, 16. mars til 19. mars 2015“.

Hreppsnefnd þakkar skipulagsnefnd fyrir skýrsluna og leggur til að hún verði höfð til hliðsjónar á fyrirhugðum fundum SASS um svæðisskipulag og mögulegt hlutverk þess við byggðapróun.

Hreppsnefnd telur mikilvægt að haft sé samráð við nærliggjandi sveitarfélög um mögulega staðsetningu vindmylla í framtíðinni.

5. Hald og Þóristungur, lykjar

Sveitarstjóri leggur til að sett verði lykjarbox með talnalás á Hald og Þóristungur.

Samþykkt að setja upp lykjarbox og skipta um sílendra. Sveitarstjóra falið að ljúka málinu.

Samþykkt samhljóða.

6. Ásaljós

Kl. 17:20 mætti Guðmundur Daníelsson verkefnastjóri Ásaljóss og kynnti stöðu verkefnisins, niðurstöðu útboðs og niðurstöðu úr viðræðum um samvinnu við Rangárþing ytra vegna sameiginlegra fjarskiptainnvíða. Sveitarstjóra falið að undirrita fyrirbyggjandi samkomulag við Rangárþing ytra eftir lögfræðilegan yfirllestur.

Eftir að ljósleiðaraverkefninu er lokið má búast við óskum um nýjar tengingar við kerfið. Fjallað var um meðferð slíkra mála ásamt hugsanlegum beiðnum um tengingu við kerfið á meðan á verktíma þess stendur. Heildsöluverðskrá og samningur við tilvonandi þjónustuveitur sem selja fjarskiptaþjónustu inn á kerfið var lögð fram og kynnt hreppsnefnd.

Lögð var fram rekstraráætlun unnin af KPMG fyrir félagið Ásaljós vegna fyrirhugaðra framkvæmda við lagningu ljósleiðara í sveitarfélaginu. Rekstraráætlunin er fyrir árin 2015 til 2026.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirbyggjandi rekstraráætlun og samþykkir hana.

Hreppsnefnd samþykkir að veita sveitarstjóra fullt umboð til millifærslu fjármuna til Ásaljós svo að standa megi við áður samþykkt útgjöld. Hreppsnefnd veitir Verkís umboð til útgáfu veitingabréfs til lægst þjóðanda í útboðinu, Þjótanda ehf. „Ljósleiðari Ásahreppi – ljósleiðaralagnir, jarðvinna, lagning, blástur og tenging“ og felur sveitarstjóra umboð til undirritunar á verksamningi við verktaka. Niðurstaða umræðna um meðferð tenginga við kerfið á meðan á verktíma stendur og nýjar tengingar eftir að verkefninu lýkur er í samræmi við áður samþykktar ákvarðanir hreppsnefndar. Hreppsnefnd samþykkir framlagða heildsöluverðskrá fyrir þjónustuveitur sem veita íbúum þjónustu inn á ljósleiðarakerfið.

Hreppsnefnd samþykkir að Ásahreppur veiti styrk allt að 150.000 kr. til inntöku á ljósleiðartengingu við Ásaljós, á þau heimili með skráða búsetu eftir 1. des 2014, gegn framvísun reiknings. Samþykkt samhljóða.

Guðmundur víkur af fundi kl: 19:00.

7. Heimasíða

Sveitarstjóri fór yfir stöðu vinnu við uppsetningu á nýrri heimasíðu Ásahrepps. Gert er ráð fyrir að heimasíðan verði tilbúin á þessu ári.

8. Viðhald girðinga meðfram Suðurlandsvegi

Verktaki sem sér um eftirlit og viðhald á girðingum meðfram Suðurlandsvegi í Ásahreppi telur þörf á viðhaldi umfram það sem samningur gerði ráð fyrir sem er eðlilegt viðhald. Endurnýja þarf girðinguna á tveimur stöðum. Hreppsnefnd samþykkir ofangreinda viðgerðarbeiðni verktaka og beinir því jafnframt til bænda og annarra landeigenda að gæta að umgengni við girðingar í umsjón Ásahrepps.

Samþykkt samhljóða.

9. Gámavöllur Meiri-Tungu

Oddviti kynnrir tillögu að úrbótum í sorpmálum á sameiginlegu gámasvæði Ásahrepps og Rangárþings ytra við Meiri-Tungu. Hlutur Ásahrepps er 25%. Tillagan er svohljóðandi:

Lagt er til að settur verði upp afgirtur og vaktaður gámavöllur við Meiri-Tungu (fyrir neðan þjóðveg á gamla gámasvæðinu). Gámavöllurinn verður afgirtur með gönguhliði sem verður alltaf opið og vaktaður með myndavélum. Þar verða gámar fyrir heimilissorp sem eru fyrst og fremst hugsaðir til að þjónusta sumarhúsaeigendur. Einnig verða gámar fyrir endurvinnanlegan úrgang t.d. pappír, plast og fleira sem nýtist bæði sumarhúsaeigendum og íbúum sem vilja flokka meira.

EKKI verður tekið við öðrum úrgangi á þessum gámavelli og þeim sem þurfa að losa sig við úrgang í meira magni verður áfram vísað á Strönd. Áfram verða þó settir gámar fyrir grófari úrgang í hreinsunarátökum vor og haust á gámasvæðinu.

Með þessum breytingum er vonast til að sumarhúsaeigendur verði sáttari við þá þjónustu sem þeir fá. Með þessu verður einnig aukin hvatning fyrir íbúa að flokka sorpið sitt betur sem ætti að skila sér í lægri kostnaði í framtíðinni. Markmiðið með þessum breytingum er að bæta umgengni um svæðið og stuðla að aukinni flokkun úrgangs sem síðar meir getur leitt til sparnaðar við rekstur svæðisins. Kostnaðarhlutur Ásahrepps við uppsetningu gámasvæðisins er áætlaður 615.000 kr. Hlutur Ásahrepps í rekstrarkostnaði á gámasvæðinu er áætlaður 655.020 kr. á ári.

Samþykkt samhljóða.

10. Klórgeymsla Laugalandi

Oddviti kynnrir og fer yfir kostnað við endurnýjun og viðhald á klórgeymslu á Laugalandi. Hreppsnefnd áréttar að í sameiginlegum verkefnum sveitarfélaganna fari fram verðkönnun á bæði efni og vinnu. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að vinna málið áfram í samstarfi við sveitarstjóra Rangárþings ytra og að skýru verklagi verði komið á hið fyrsta.

Samþykkt samhljóða.

11. Fundargerðir

- a) **91. fundur Skipulagsnefndar haldinn 11. júní sl. mál nr. 8 þarfnast umfjöllunar og mál nr. 13 er til kynningar**

Mál nr. 8: 1506028 - Grasetangi við Þórisvatn: Vatnamælingastöð: Framkvæmdaleyfi

Lagt fram erindi Landsvirkjunar dags. 4. júní 2015 þar sem óskað er eftir leyfi til að reisa hús yfir mælubúnað og borholu á enda Grasetanga við Þórisvatn og leggja háspennustreng og ljósleiðara frá Vatnskoti.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða framkvæmd, með fyrirvara um samþykki forsætisráðuneytisins og að skilað verði inn lóðablaði utan um mannvirki á svæðinu. Ekki er gerð athugasemd við stofnun lóðarinnar.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar.

Mál nr. 13: 1506001F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 15-08

Fyrir liggja afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. júní s.l.

- b) **Fundargerð 34. fundar stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs.**

Lagt fram til kynningar.

- c) **12. fundur stjórnar Lundar haldinn á Lundi 22. júní s.l.**

Lagt fram til kynningar.

- d) **92. fundur Skipulagsnefndar haldinn 25. júní sl. mál nr. 1 þarfnast umfjöllunar og mál nr. 25 er til kynningar.**

Mál nr. 1: Lagning ljósleiðara: Ásahreppur: Framkvæmdaleyfi - 1506061

Lagt fram erindi Guðmundar Daníelssonar dags. 20. júní 2015, f.h. Ásaljóss, þar sem óskað er eftir framkvæmdaleyfi fyrir lagningu ljósleiðara í Ásahreppi og tengja öll heimili, fyrirtæki og sumarhús sveitarfélagsins. Fyrir liggja umsagnir Vegagerðarinnar og Umhverfisstofnunar.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að veitt verði framkvæmdaleyfi fyrir lagningu ljósleiðara í samræmi við fyrirliggjandi erindi, með fyrirvara um umsögn Minjastofnunar.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar.

Mál nr. 25: Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 15-09 - 1506003F

Fyrir liggja afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. júní s.l.

- e) **15. fundur Viðræðunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps, haldinn 26. júní s.l.**

Viðræðunefnd óskar eftir áframhaldandi umboði til að vinna að endurskoðun samninga á milli sveitarfélaganna, út september n.k.

Samþykkt samhljóða.

- f) **167. stjórnarfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs., haldinn 8. júlí s.l.**

Lagt fram til kynningar.

- g) **93. fundur Skipulagsnefndar, haldinn 9. júlí s.l. mál nr. 8 þarfnast umfjöllunar og mál nr.18 er til kynningar**

Mál nr. 8: 1505014 - Lindarbær 1C: Austurtún: Deiliskipulag

Lagt fram að lokinni auglýsingu deiliskipulag fyrir 6 ha svæði úr landi Lindarbæjar 1C í Áshreppi þar sem gert er ráð fyrir íbúðarhúsalóð og lóð fyrir hesthús/reiðskemmu. Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann 13. maí 2015 með athugasemdafresti til 25. júní. Ein athugasemd barst með bréfi dags. 24. júní 2015 frá eigendum Rifshalakots.

Afgreiðslu frestað og skipulagsfulltrúa falið að ræða við umsækjendur og Vegagerðina um framhald málsins.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar.

Mál nr. 18: 1507001F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 15-10

Fyrir liggja afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. júlí s.l.

12. Erindi til hreppsnefndar

- a) **Beiðni frá Guðmundu Ellen Sigurðardóttur um styrk vegna þátttöku hennar í landsliði ungmenna í hestaíþróttum sem keppir fyrir hönd Íslands á heimsmeistaramótinu í Herning í ágúst n.k.**

Samþykkt að veita 50.000 kr. styrk.

- b) Beiðni um auglýsingu í Víðsjá, rit Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskerta á Íslandi. Ritið kemur út 26. ágúst n.k.**

Hafnað.

- c) Beiðni frá Eydísi Þ. Indriðadóttur um framlag til deiliskipulagsgerðar á lögbýli hennar, Ásborg**

Erindinu frestað til næsta reglubundnar fundar hreppsnefndar.

13. Næsti fundur hreppsnefndar

Tillaga um að næsti hreppsnefndarfundur verði þriðjudaginn 8. september n.k.

Samþykkt samhljóða.

Til kynningar:

- A. 165. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands haldinn 29. maí s.l.
- B. 13. fundur stjórnar þjónustuvæðis vegna málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi.
- C. SASS yfirlit um sumarhús: fjöldi, staðsetning og dreifing um landið.
- D. Forsendur fyrir vinnslu fjárhagsáætlana árið 2016.
- E. fyrirhuguð úttekt á opinberum vefjum og öryggi þeirra. Kynningarfundur um úttektina 25. ágúst nk.
- F. Tíðindi af vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga 6. tbl., 3. árg., júlí 2015.
- G. Vetraráætlun Strætó 2015-2016.
- H. Málþing um þjónustu túlka. Ráðstefnan verður haldin þann 11. september í safnaðarheimili Háteigskirkju við Háteigsveg og stendur frá 08:30 til 16:00.
- I. SASS yfirlit um sjávarútveg á Suðurlandi.
- J. Fundargerð svæðisráðs vestursvæðis frá 26. júní s.l.
- K. Kynning á tillögu að kerfisáætlun 2015-2024.
- L. Þjóðskrá Íslands, fasteigamat 2016.
- M. Ársskýrsla ÍSÍ 2015.
- N. ÍSÍ tölfræði 2013.
- O. Mentor, innleiðing nýrrar aðalnámskrár.
- P. Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga, Ársskýrsla 2014.

Fundargerð yfirlésin, samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 20:00